

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Efnahagshorfur á tímum heimsfaraldurs



Kynning fyrir Félag atvinnurekenda
7. september 2020

Rannveig Sigurðardóttir
varaseðlabankastjóri peningastefnu



Efnahagshorfur

Ágústspá Seðlabankans í hnotskurn



COVID-19
veldur usla í
heims-
búskapnum



Gríðarlegt högg
fyrir fluggeirann
og ferða-
þjónustu hér á
landi



Eftir mikinn
samdrátt í vor
jókst einka-
neyslan töluvert
í sumar



Horfur á minni
efnahags-
samdrætti í ár
en spáð var í
maí



Mikil fækkun
starfa og
atvinnuleysi í
sögulegar hæðir




Verðbólga
hefur heldur
aukist og verður
meiri en spáð
var í maí


Sögulegur samdráttur á Q2 en viðsnúningur á Q3

- COVID-19 og aðgerðir til að hemja útbreiðslu faraldursins hafa valdið gríðarlegum usla í heimsbúskapnum: VLF í helstu viðskiptalöndum dróst saman um 1,9% á Q1 og útlit er fyrir 12,7% samdrátt á Q2 – sá mesti sem mælst hefur frá seinna stríði
- Framleiðsluvísitölur hafa hins vegar hækkað töluvert frá því í maí og iðnframleiðsla og smásala aukist nokkuð


Alþjóðlegur hagvöxtur¹
1. ársfj. 2008 - 2. ársfj. 2020



PMI-vísitala fyrir framleiðslu og þjónustu²
Janúar 2014 - ágúst 2020



Iðnframleiðsla og smásala³
Janúar 2018 - júlí 2020




1. Grunnspá Seðlabankans 2. ársfj. 2020 fyrir helstu viðskiptalönd. 2. PMI-vísitala Markit fyrir framleiðslu og þjónustu (Composite Output Purchasing Managers' Index). Vísitalan er birt mánaðarlega og er árstíðarleiðrétt. Þegar gildi vísitölnnar er yfir 50 tákna það vöxt milli mánaða en ef hún er undir 50 tákna það samdrátt. 3. Mánaðarlegar árstíðarleiðréttar magnvísitölur (2016 = 100).
Heimildir: Refinitiv Datastream, Seðlabanki Íslands.


Samsetning þjóðarbúskapar skiptir máli

- Sóttvarnaraðgerðir sem takmarka ferðir og nán samskipti fólks bitna á ferðapjónustu
- Samdráttur á Q2 yfirleitt meiri í þeim löndum þar sem ferðapjónusta vegur þungt í VLF
- Minni samdráttur hér en í þeim löndum þar sem vægi ferðapjónustu í VLF er mikið

Vægi ferðapjónustu í VLF í ýmsum OECD-ríkjum¹



Alþjóðlegur hagvöxtur á 2. ársfj. 2020




1. Vægi ferðapjónustu í VLF árið 2018 eða nýjasta ár með tiltækum gögnum. Löndin eru Spánn (SPÁ), Mexíkó (MEX), Ísland (ÍSL), Portúgal (POR), Frakkland (FRA), Grikkland (GRI), Austurríki (AUS), Ítalía (ÍTA), Nýja-Sjáland (NÝS), Suður-Kórea (KÓR), Holland (HOL), Þýskaland (ÞÝS), Írland (ÍRL), Noregur (NOR), Bretland (BRE), Ástralía (ÁST), Svíþjóð (SVÍ), Bandaríkin (BNA), Sviss (SVI), Finnland (FIN), Danmörk (DAN), Belgía (BEL), Kanada (KAN) og Japan (JAP).
Heimildir: Hagstofa Íslands, OECD.

Horfur á minni samdrætti útflutnings en spáð í maí


- Algert hrun varð í komum ferðamanna til landsins: daglegur fjöldi ferðamanna til landsins nú um 20% af því sem hann var í fyrra
- Batinn í júlí og ágúst meiri en spáð var og þrátt fyrir bakslag er spáð heldur minni fækkun farþega í ár en í maí: 76% í stað 81%
- Einnig minni samdráttur í útflutningi sjávarafurða og því útlit fyrir minni samdrátt útflutnings en spáð í maí

Ferðamenn og útgjöld¹

7. mars - 21. ágúst 2020



Útflutningur og framlag undirliða 2015-2022²



1. Fjöldi farþega sem fór daglega um Keflavíkurlugvöll. Tölur fyrir árið 2019 eru án farþega WOW Air. Greiðslukortatölur eru samtala debet- og kreditkorta útgefin af erlendum aðilum. 7 daga hreyfanlegt meðaltal. 2. Vegna keðjutengingar getur verið að samtala undirliðanna sé ekki jöfn útflutningi alls. Álútfutningur skv. skilgreiningu þjóðhagsreikninga. Ferðaþjónusta er samtala á „ferðalögum“ og „farþegaflutningum með flugi“. Grunnspá Seðlabankans 2020-2022. Brotalína sýnir spá frá PM 2020/2.


Heimildir: Hagstofa Íslands, Isavia, Seðlabanki Íslands.

VLF dróst saman um 5,7% á fyrri helmingi ársins


- Þjóðarútgjöld drógust saman um 2,4% og til viðbótar bættist við 3,3 prósentna neikvætt framlag utanríkisviðskipta
- Svipaður samdráttur og spáð var í PM 2020/3: bæði einkaneysla og fjárfesting reyndist lítillega sterkari

Hagvöxtur og framlag undirliða¹

1. ársfj. 2018 - 2. ársfj. 2020



Þjóðhagsreikningar fyrri hluta 2020




1. Vegna keðjutengingar getur verið að samtala undirliðanna sé ekki jöfn hagvextinum.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Vísbendingar um viðspyrnu einkaneyslu í sumar

- Farsóttin og sóttvarnaraðgerðir höfðu veruleg áhrif á efnahagssumsvif í mars og apríl: akandi og gangandi umferð dróst verulega saman og útgjöld heimila minnkuðu mikið: kortagögn benda til að samdrátturinn hafi mestur verið um 23% um miðjan apríl ... en að viðsnúningur hafi orðið í maí og júní – þótt kraftur batans sé mismikill eftir útgjaldaflökkum


Umferð og kortavelta¹
1. mars - 21. ágúst 2020



Útgjöld heimila eftir útgjaldaflökkum²
1. febrúar - 21. ágúst 2020



Greiðslukortavelta eftir helstu útgjaldaflökkum




1. Akandi umferð er umferð um Hafnarfjarðarveg sunnan Kópavogslækjar, Reykjanesbraut við Dalveg í Kópavogi og Vesturlandsveg ofan Ártúnsbrekku. Gangandi umferð samkvæmt Apple Mobility Trends. Greiðslukortatölur eru samtala debet- og kreditkorta útgefin af innlendum aðilum. Gangandi umferð breyting frá 13. jan. 2020 en hinar raðirnar breyting frá fyrra ári (umferðargögn 7 daga hreyfanlegt meðaltal en greiðslukortagögn 14 daga hreyfanlegt meðaltal). 2. Ýmis þjónusta á við veitingastaði, leikhús, líkamsræktarstöðvar o.fl. Heimilisútgjöld eiga við kaup á raftækjum, húsgögnum og í byggingavöruverslunum (28 daga hreyfanlegt meðaltal). 3. Veitingahús, gisting, flutningar, pakkaferðir, tollfrjáls verslun, menning og afþreying, snyrting og ýmis persónuleg þjónusta. 4. Raf- og heimilistæki, húsbúnaður, fatnaður, önnur sérvara og ýmis sérhæfð þjónusta. 5. Dagvöruverslun og stórmarkaðir.
Heimildir: Apple Mobility Trends, Hagstofa Íslands, Markaðsvakt Meniga, Rannsóknarsetur verslunarinnar, Vegagerðin, Seðlabanki Íslands.

Verulegur samdráttur í ár en þó minni en spáð í maí

- Þótt horfur fyrir seinni hluta ársins séu heldur lakari en í maí er talið að samdrátturinn í ár verði 7,1% í stað 8% í maíspánni
- Hagvöxtur á næstu tveimur árum verði um 3½% á ári
- Landsframleiðslan nær ekki því stigi sem hún var á í lok síðasta árs fyrr en í lok spátímans

Hagvöxtur og framlag undirliða 2015-2022¹




1. Grunnspá Seðlabankans 2020-2022. Brotalína sýnir spá frá PM 2020/2.
 Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Faraldurinn hefur mikil áhrif á vinnumarkaðinn ...

- Samkvæmt VMK fækkaði störfum um 5,1% á Q2 og vinnutími stýttist um 2,3% – 7,2% fækkun heildarvinnustunda sú mesta frá Q3/2009 (en VMK gæti vanmetið fækkun starfa og styttingu vinnutíma)
- Atvinnuþátttaka minnkaði einnig verulega og er í sögulegu lágmarki – fólki utan vinnumarkaðar hefur því fjölgað mikið


Atvinna og vinnutími¹

Janúar 2019 - júní 2020



Atvinnuþátttaka og hlutfall starfandi²

Janúar 2019 - júní 2020




1. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal. 2. Árstíðarleiðrétt þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal.
 Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


... og atvinnuleysi hefur aukist mikið

- Atvinnuleysi hefur aukist hratt og var 6,8% á Q2 skv. VMK (5,1% árstíðarleiddrett) en skráð atvinnuleysi var komið í 7,9% í júlí
- Atvinnuleysi hefði aukist enn meira ef hluti þeirra sem misstu vinnu hefðu ekki horfið af vinnumarkaði og ef ekki hefði komið til hlutabótaleiðar stjórnvalda ... talið að atvinnuleysi nái hámarki í 10% í lok árs en 7,2% að meðaltali á árinu öllu


Skráð atvinnuleysi
Janúar - júlí 2020



Atvinnuleysi og "skuggaatvinnuleysi"¹
1. ársfj. 2019 - 2. ársfj. 2020



Atvinnuleysi og framleiðsluspenna 2012-2022²



1. Skuggaatvinnuleysi tekur einnig tillit til þeirra sem mælast utan vinnumarkaðar og skuggaatvinnuleysi með hlutabótum bætir við fjölda á hlutabótum margfaldað með bótahlutfalli. Árstíðarleiddrettar tölur. 2. Grunnspá Seðlabankans 2020-2022. Brotalínur sýna spá frá PM 2020/2.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.


Verðbólga hefur aukist á ný ...

- Verðbólga mældist 2,5% á Q2 en var komin í 3,2% í ágúst – undirliggjandi verðbólga er meiri og var 3,9% í ágúst (þar vega m.a. minni áhrif lækkunar bensínverðs og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána) ... hækkun innfluttrar vöru vegur þyngst en einnig mældist nokkur hækkun vörutegunda sem eftirspurn jókst eftir í sóttvarnaraðgerðum

Mæld og undirliggjandi verðbólga¹


Janúar 2014 - júlí 2020

12 mánaða breyting (%)



Áhrif COVID-19 á verð ólíkra undirliða vísitölu neysluverðs²

12 mánaða breyting (%)



1. Undirliggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölu (áhrif óbeinna skatta, sveiflukenndra matvöruliða, bensíns, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána eru undanskilin) og tölfræðilegum mælikvörðum (vegið miðgildi, klippt meðaltal, kvikt þáttalíkan og sameiginlegur þáttur VNV). 2. Valdir undirliðir. Flugfargjöld til útlanda og lítil heimilisraftæki eru 3 mánaða hreyfanlegt meðaltal.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

... í kjölfar lækkunar ISK en kjölfesta væntinga heldur

- Gengi ISK tók að lækka í lok febrúar þegar faraldur brast á: hafði lækkað um 12% snemma í maí ... hækkaði á ný er leið á maí en lækkaði aftur í sumar og er nú 13,6% lægra en í lok febrúar og 14,3% lægra en fyrir ári ... þrátt fyrir þetta eru verðbólguvæntingar á alla mælikvarða ýmist óbreyttar eða lægri en fyrir ári og við markmið á flesta þeirra


Gengi krónunnar¹

2. jan. 2015 - 21. ágúst 2020



Verðbólguvæntingar

1. ársfj. 2014 - 3. ársfj. 2020



1. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum (þröng viðskiptavog). 2. Nýjasta gildið er meðaltal daglegra gilda frá 1. júlí til 21. ágúst 2020.

Heimildir: Gallup, Seðlabanki Íslands.


Meiri verðbólga fram á næsta ár en spáð var í maí

- Spáð að verðbólga verði um 3% út árið en taki síðan smám saman að hjaðna og verði um 2% á seinni hluta tímabilsins
- Mikill slaki í þjóðarbúinu og lítil alþjóðleg verðbólga geri það að verkum að hún hjaðni þegar áhrif gengislækkunarinnar hafa fjarað út


Verðbólguspá og óvissumat

1. ársfj. 2014 - 3. ársfj. 2023

Breyting frá fyrra ári (%)



Aðgerðir vegna COVID-19



Aðgerðir Seðlabankans



Vextir hafa
verið lækkaðir



Aðgangur
lánastofnana að
lausafé hefur
verið aukinn



Kaup hafin á
ríkisskuldabréfum




Gjaldeyris-
inngripum verið
beitt í samræmi
við stefnu
bankans

Vextir hafa verið lækkaðir

Meginvextir Seðlabanka Íslands og væntingar um framtíðarþróun þeirra¹

1. janúar 2015 - 30. september 2023



1. Við mat á vaxtaferlinum er notast við meginvexti Seðlabankans og vexti ríkisbréfa. Brotna línan sýnir framvirka vaxtaferilinn fyrir útgáfu PM 2020/2. 2. Áætlað út frá miðgildi svara í könnun Seðlabanka Íslands á væntingum markaðsaðila til veðlávaxta. Könnunin var framkvæmd dagana 10.-12. ágúst 2020.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Hvað hefur Seðlabankinn gert?

- Frá því í upphafi COVID-faraldursins hafa meginvextir bankans verið lækkaðir úr 2,75% í 1%


Af hverju?

- Lægri seðlabankavextir gera lánastofnunum kleift að lána heimilum og fyrirtækjum á lægri vöxtum
- Skilar sér í lægri útgjöldum heimila og fyrirtækja, sem styður við eftirspurn ...
- ... og auðveldar heimilum og fyrirtækjum að standa skil á lánum t.d. þegar tekjur minnka
- ... og styður þannig einnig við fjármálastöðugleika


Miðlun peningastefnunnar

- Útlánastofn lánakerfis til innlendra aðila hefur verið nokkuð stöðugur í kringum 4% það sem af er þessu ári
- Útlánavöxtur til heimila hefur haldist í kringum 5% en hratt dregið úr vexti útlána til fyrirtækja
- Vaxtaálag á nýjum útlánnum til heimila hefur aukist lítillega en vaxtaálag á ný fyrirtækjalán tók að hækka hratt á seinasta ári

Útlán lánakerfis¹
Janúar 2016 - júní 2020



Vaxtaálag á útlánnum²
Mars 2015 - júlí 2020




1. Leiðrétt fyrir endurflokkun og skuldalækkunaraðgerðum stjórnvalda. Án útlána til innlámsstofnana, fallinna fjármálafyrirtækja og hins opinbera. Fyrirtæki eru atvinnufyrirtæki og félagasamtök sem þjóna heimilum.
 2. Mismunur á vegnum meðalvöxtum á óverðtryggðum útlánnum stóru viðskiptabankanna þriggja og meginvöxtum Seðlabankans annars vegar og vegnum meðalvöxtum á nýjum innlánnum hins vegar. Þriggja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Nýjustu tölur eru bráðabirgðatölur.
 Heimild: Seðlabanki Íslands..

Aðgangur lánastofnana að lausafé aukinn

Bindiskylda¹

1. janúar 2018 - 31. ágúst 2020



1. Bindiskylda leggst á viðskiptabanka og sparisjóði og er hlutfall af bindigrunni sem nær til innlána og útgáfu eigin skuldabréfa með allt að tveggja ára líftíma.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Hvað hefur Seðlabankinn gert?

- Bindiskylda hefur verið lækkuð og henni breytt sem rýmkaði lausafjárstöðu innlánsstofnana
- Slakað hefur verið á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja með því að færa sveiflujöfnunarauka úr 2% í 0%
- Hætt hefur verið að bjóða uppá bundin innlán til eins mánaðar
- Sérstök og tímabundin lausfjárfyrirgreiðsla í formi veðlána veitt

Af hverju?

- Auka laust fé lánastofnana sem
 - greiðir fyrir lánveitingu þeirra til heimila og fyrirtækja
 - eykur svigrúm þeirra til að endurskipuleggja skuldir heimila og fyrirtækja í vanda
- og styður þannig enn frekar við eftirspurn

Kaup á ríkisskuldabréfum

Ávöxtunarkrafa 10 ára ríkistryggðra skuldabréfa¹
1. janúar 2018 - 31. ágúst 2020



1. Út frá eingreiðsluferli (metnum með aðferð Nelson-Siegel) þar sem notast er við vexti á millibankamarkaði með krónur og vexti ríkistryggðra skuldabréfa.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Hvað hefur Seðlabankinn gert?

- Hafið kaup á ríkisskuldabréfum á eftirmarkaði
- Gætu numið allt að 150 ma.kr. eða um 5% VLF
- Framkvæmdin mun taka mið af þróun framboðs á ríkisbréfum og þróun ávöxtunarkröfu á markaði


Af hverju?

- Koma í veg fyrir að aukið framboð ríkisbréfa þrýsti upp markaðsvöxtum þvert á markmið peningastefnunnar
- Tryggja þannig enn frekar að lausara taumhald peningastefnunnar miðlist með eðlilegum hætti til heimila og fyrirtækja
- Hafði áhrif á ávöxtunarkröfuna til lækkunar strax og tilkynnt var um aðgerðina

Gjaldeyrisinngrip



Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri og hlutdeild Seðlabankans 2010 -2020



Hvað hefur Seðlabankinn gert?

- Frá upphafi faraldursins hefur Seðlabankinn selt gjaldeyri fyrir 42,8 ma.kr. en keypt gjaldeyri fyrir 9,1 ma.kr.
- Hlutur Seðlabankans hefur numið um 26% af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði á tímabilinu

Af hverju?

- Markmið inngripanna nú er að draga úr skammtímasveiflum á gengi krónunnar og leggja gegn óhóflegum sveiflum frá jafnvægisraungengi sem gæti birst í leiðréttingu síðar
- Raungengi krónunnar líklega undir jafnvægisraungengi um þessar mundir á sama tíma og verðbólga er komin yfir markmið

Aðrar aðgerðir

- Seðlabankinn hefur **hvatt lífeyrissjóði til þess að draga úr kaupum á erlendum gjaldeyri** til að fjármagna erlenda fjárfestingu þangað til að um hægist
- Seðlabankinn hefur beint þeim tilmælum til stjórna fjármálafyrirtækja að **nýta ekki bættu lausafjárstöðu og minni eiginfjárkröfur til arðgreiðslna**
- Innlánsstofnunum einum nú heimilt að eiga innlánsreikning í Seðlabankanum. Við það færðust **innstæður ýmissa annarra fjármálafyrirtækja og ríkisstofnana út í fjármálakerfið** sem styrkir lausafjárstöðu innlánsstofnana og miðlun peningastefnunnar
- Seðlabankinn hefur **tryggt sér aðgang að sérstökum tímabundnum endurhverfum viðskiptagugga bandaríska seðlabankans** þar sem hann hefur aðgang að lausafé í Bandaríkjadöllum gegn veði í bandarískum ríkisverðbréfum úr gjaldeyrisforða bankans

Enn eru til sóknarfæri fyrir peningastefnuna



Enn svigrúm til
að lækka
meginvexti sem
eru 1%



Áframhaldandi
gjaldeyrisinngrip til
að draga úr
óhóflegum
sveiflum



Ríkisskuldabréfakaup
í samræmi við þróun
framboðs ríkisbréfa
og ávöxtunarkröfu



Framsýn
leiðsögn



Veðlán með
útlánahvata